

Ytra mat leikskóla Leikskóli Seltjarnarness

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir mennta- og menningamálaráðuneytið

Höfundar: Kolbrún Vigfúsdóttir og Lena Sólborg Valgarðsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-35-0

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum	5
Inngangur	7
Markmið og tilgangur	7
Gagnaöflun	7
Leikskóli Seltjarnarness.	9
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Starfsmenn	9
Húsnæði	9
Útileiksvæði	10
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008	10
Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans	11
Skólafestna og áherslur sveitarfélagsins	11
Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þess leikskólans	11
Skólanámskrá	12
Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá	12
Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár	13
Tækifæri til umbóta	13
Stjórnun og starfsfólk	13
Stjórnskipulag og skipurit	14
Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál	14
Uppeldi, menntun og umönnun	15
Leikföng og efniviður	16
Líðan barna	16
Lýðræði og mannréttindi	17
Samskipti og hegðun.	17
Skólaþróun	18
Skólabragur og samskipti	18
Starfsandi.	19
Jafnrétti	20
Mat á námi og velferð barna	20
Foreldrasamvinna og ytri tengsl.	21
Foreldraráð og foreldrafélag	21
Samstarf leikskóla og grunnskóla	22
Samstarf við aðrar stofnanir	22
Innra mat	23
Sérfræðiþjónusta og sérkennsla.	24
Börn með annað móðurmál en íslensku	25
Samantekt	25
Helstu styrkleikar Leikskóla Seltjarnarness.	25
Tækifæri til umbóta	27
Lokaorð	28
Heimildir.	29

Samantekt á niðurstöðum

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á Leikskóla Seltjarnarness sem framkvæmt var á vorönn 2014. Þættirnir sem lagt var mat á voru: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta sveitarfélaga og sérkennsla.

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskóli Seltjarnarness tók til starfa 1. júlí 2010 þegar leikskólarnir Sólbrekka og Mánabrekka voru sameinaðir í einn leikskóla. Haustið 2013 var tíundu deildinni bætt við leikskólann fyrir yngstu börnin. Starfsfólk leikskólans hefur sameinast um einkunnarorð sem einkenna leikskólastarfið; *jákvæðni*, *virðing* og *fragmennska*. Áherslupættir í starfi leikskólans eru tónlist, umhverfismennt og SMT-skólafærni. Leikskólinn starfar einnig eftir skólastefnu Seltjarnarness sem byggir á gildunum *virðing*, *ábyrgð* og *velliðan*. Tekist hefur að samræma áherslur fyrir einn leikskóla og eru starfsmenn og foreldrar meðvitaðir um þær. Lögð er áhersla á leikinn sem námsleið barnanna. Gott samstarf er milli leikskólans og Tónlistarskóla Seltjarnarness. Nokkur starfsmannavelta var á síðastliðnu ári. Leikskólinn stenst ekki kröfur laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og þarf að leita leiða til að fjölga leikskólakennurum við leikskólann. Hluti af húsnæði leikskólans er í góðu lagi en eldra húsnæði þarfnast endurbóta. Hljóðvist í húsnæði yngstu barnanna þarfnast skoðunar. Útileiksvæði er rúmgott en ekki er full sátt um leiktæki og efnivið sem þar er boðið upp á og þarf að finna lausn á því. Mikilvægt er að bæta útileiksvæði yngstu barnanna. Fylgst er með öryggismálum og brugðist er við athugasemdum frá foreldrum en skoða þarf öryggisatriði varðandi leiksvæði barnanna innanhúss.

Skólanámskrá

Tvær skólanámskrár eru á heimasíðu leikskólans, frá því áður en leikskólinn var sameinaður, en þær samræmast ekki kröfum aðalnámskrár frá 2011. Unnið er að endurskoðun skólanámskrár og koma allir starfsmenn að þeirri vinnu. Einkunnarorð eru til fyrir sameinaðan leikskóla og unnið er út frá þremur áherslupáttum. Samræmi er milli leikskólastarfsins, einkunnarorða og áherslupátta. Í starfinu má einnig finna áherslur úr nýrri aðalnámskrá. Leikskólinn þarf að ljúka við gerð nýrrar skólanámskrár fyrir 2015 og leita leiða til að efla aðkomu barna og foreldra að gerð hennar. Í tengslum við gerð skólanámskrár þarf að skoða hvernig hægt er að samræma vinnulag milli deilda í leikskólanum. Æskilegt er að fjarlægja eldri skólanámskrár af heimasíðu þar sem þær gefa ekki rétta mynd af áherslum leikskólans.

Stjórnun og starfsfólk

Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti og samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins er góð. Ákvarðanatataka er í höndum stjórnendateymi og deildarstjóra og hefur stjórnendateymið skýra verkaskiptingu. Starfsmenn hafa góðan aðgang að stjórnendum, fara árlega í starfsmannasamtal og símenntunaráætlun er gerð fyrir starfsmenn. Í leikskólanum er jafnréttisstefna og forvarnarstefna og verkferlar varðandi öryggismál. Auka þarf upplýsingar í starfsáætlun í samræmi við áherslur í aðalnámskrá. Gera þarf starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsfólk og skipurit sem endurspeglar fyrirkomulag stjórnunar í leikskólanum.

Uppeldi, menntun og umönnun

Lögð er áhersla á leikinn í leikskólanum og honum gefinn góður tími innan dagskipulagsins. Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu sem er virk í starfinu og unnið er með félagsfærni barnanna og sjálfstæði. Mikilvægt er að samræma reglur og starfsaðferðir innan leikskólans en sú vinna er að hluta til hafin í tengslum við þróunarverkefni sem hófust síðastliðið haust. Æskilegt er að leikskólinn móti sér stefnu um efnivið leikskólans innanhúss sem utan.

Skólabragur og samskipti

Skólabragur er almennt fremur jákvæður en skoða þarf hvernig bæta má samstarf innan leikskólans og efla starfsandann. Gerð hefur verið starfsmannahandbók fyrir sameinaðan leikskóla og jafnréttisstefna mótuð. Árlega er gerð vinnustaðgreining. Bæta þarf tækjabúnað leikskólans.

Mat á námi og velferð barna

Í leikskólanum er fylgst með námi og velferð barna með fjölbreyttum aðferðum. HLJÓM-2 er lagt fyrir í elsta árgangi til að kanna hljóðkerfisvitund barna, námsefnið *Lubbi finnur málbein* er notað til að örva málþroska og hljóðnám 2-7 ára barna, Íslenska þroskalistinn er lagður fyrir til að meta þroska þriggja til sex ára barna. Málþroskaathugunin *Orðaskil* fyrir börn á aldrinum 18-36 mánaða er einnig notuð. Í þróun er notkun á ferilmöppum þar sem safnað verður upplýsingum um barnið frá því það byrjar í leikskólanum.

Innra mat

Eins og gert er ráð fyrir í aðalnámskrá leikskóla er leikskólastarfið metið árlega. Innra mat er í gangi allt skólaárið og koma allir starfsmenn að því. Stjórnendur og starfsmenn eru ekki á einu máli um hvort ECCERS-kvarðinn sé notaður sem matstæki. Í ljósi þessa er mikilvægt að starfsmenn komi sér saman um matstæki og matsaðferðir, gerð sé áætlun um innra mat út frá áherslum leikskólans og umbótaáætlun í kjölfarið. Einnig þarf að skoða hvernig börn og foreldrar geta komið að innra mati.

Foreldrasamstarf og ytri tengsl

Formlegt samstarf við foreldra fer fram með árlegum foreldrasamtölum og eru foreldrar ánægðir með þær upplýsingar sem þeir fá um þroska og framfarir barnanna og upplýsingar frá stjórnendum. Almennt eru góð samskipti milli foreldra og starfsmanna leikskólans en bæta þarf upplýsingar frá deildum og samræma. Foreldrar eru ánægðir með sameiginlega starfsdaga leikskóla og grunnskóla. Foreldraráð er starfandi við leikskólann og einnig foreldrafélag. Gott samstarf er milli leikskóla og grunnskóla, tónlistarskóla, bókasafns og íþróttafélags. Einnig er í gangi tilraunaverkefni með heilsuræktarstöðinni Hreyfilandi sem foreldrar og starfsfólk hafa áhuga á að festa í sessi.

Sérfræðipjónusta sveitarfélags og sérkennsla

Ferill við eftirlit, greiningu og framkvæmd sérkennslu og stuðnings er í góðum farvegi. Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingi og talmeinafræðingi og sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann. Samskipti milli starfsmanna, sérfræðinga og foreldra eru skipulögð. Leikskólinn hefur ekki sett sérkennslustefnu eða fjölmenningsstefnu og er mikilvægt að bæta úr því. Gera þarf verkferil um viðbrögð ef grunur vaknar um þroskafrávik. Endurskoða þarf ferla um sérkennslu sem finna má á heimasíðu leikskólans.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Leikskóla Seltjarnarness. Matið er gert á grundvelli 17. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Matið var framkvæmt af Kolbrúnu Vigfúsdóttur og Lenu Sólborgu Valgarðsdóttur og fór fram á vettvangi á tímabilinu 17.-19. og 25. febrúar 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Teknir voru fyrir átta matsþættir; leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðipjónusta sveitarfélaga.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum er samkvæmt 17. grein laga um leikskóla nr. 90/2008

- a. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluvalda, starfsmanna leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- c. auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- d. tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.¹

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja við skólastjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar. Grundvöllur ytra mats eru leiðbeiningar mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat leikskóla. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um leikskólastarf og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga voru einnig höfð til hliðsjónar.

Gagnaöflun

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um leikskólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á leikskólastarf, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.² Kynning á forsendum og matsframkvæmd var send leikskólastjóra 10. febrúar 2014 á rafrænu formi. Leikskólastjóra var falið að sjá til þess að starfsmenn og foreldrar hefðu tækifæri til að nálgast þessi gögn og koma spurningum eða athugasemdum á framfæri við úttektaraðila. Matsmenn mættu í leikskólann 17. febrúar og fengu kynningu á leikskólanum hjá leikskólastjóra. Nokkru síðar tóku við vettvangsathuganir á öllum deildum leikskólans. Haldnir voru rýnihópafundir með deildarstjórum, starfsmönnum á deild, börnum í elsta árgangi leikskólans og foreldrum. Þátttakendur í rýnihópum starfsmanna, barna og foreldra voru allir valdir með slembiúrtaki. Þá voru tekin einstaklingsvíðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, verkefnastjóra og sérkennslustjóra. Einnig var haft samband við formann skólanefndar.

¹ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

² Skólanámskrá, starfsáætlun, símenntunaráætlun, dagskipulag, heimasíða Leikskóla Seltjarnarness, heimasíða Seltjarnarnessbæjar, önnur gögn sem skólinn og skólaskrifstofa lögðu fram og gögn frá fræðslustjóra.

Skólaheimsóknin stóð yfir í fjóra daga 17., 18., 19. og 25. febrúar 2014. Starfsmenn vissu hvaða daga matsmenn voru væntanlegir í vettvangsheimsókn en ekki á hvaða tíma. Fylgst var með uppeldi, kennslu og starfsháttum, leik og námi, velferð og líðan barna, faglegu starfi og skipulagi náms og námsaðstæðna á deildum. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja stund. Matsmenn fóru hvor í sínu lagi yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram að lokinni leikskólaheimsókn og unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru. Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leikskóli Seltjarnarness

Leikskólinn og umhverfi hans

Leikskóli Seltjarnarness er starfræktur á þremur starfsstöðvum. 1. júlí 2010 voru leikskólanir Sólbrekka og Mánabrekka sameinaðir og haustið 2013 var bætt við þriðju starfsstöðinni sem er deild fyrir yngstu börnin og er hún staðsett í húsnæði Seltjarnarneskirkju. Tvær starfsstöðvar bera nöfn „gömlu“ leikskólanna, Sólbrekku og Mánabrekku, en deild yngstu barna heitir Holt. Starfsstöðvarnar eru við Suðurströnd 1-3 og í húsnæði Seltjarnarneskirkju við Kirkjubraut. Seltjarnarnesbær sér um rekstur leikskólans sem er opinn alla virka daga frá kl. 7:45-17:15.

Leikskólinn er í 1502m² húsnæði í þremur húsum. Í leikskólanum dvelja 196 börn á aldrinum tveggja til sex ára, 100 stúlkur og 96 drengir. Börnunum er skipt á tíu deildir. Í Sólbrekku eru eldri árgangar á fimm deildum sem heita Ás, Bakki, Bjarg, Eiði og Grund. Í Mánabrekku eru yngri árgangarnir á fjórum deildum sem heita; Mýri, Nes, Oddi og Skáli. Deild fyrir yngstu börnin heitir Holt og er í húsnæði Seltjarnarneskirkju.

Á yngstu deild eru 15 börn, 18 mánaða og eldri, á yngri deildum er 21 barn og á eldri deildum 19-21 barn á hverri deild. Að meðaltali eru 15-19,6 börn í hóp á yngri deildum en 19,8 á eldri deildum. Í Leikskóla Seltjarnarness eru 29 börn með annað móðurmál en íslensku, sex börn fá skilgreinda sérkennslu og er gerð einstaklingsnámskrá fyrir þau.

Starfsmenn

Við leikskólann starfa 60 starfsmenn í 44 stöðugildum, þar með taldir leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og verkefnastjóri. Samtals eru 20 leikskólakennarar starfandi við leikskólann. Hlutfall leikskólakennara af starfsmönnum á deildum er 9,8%. Stjórnunarhlutfall í Leikskóla Seltjarnarness er 3,9 stöðugildi. Aðrir háskólamenntaðir starfsmenn á deildum eru leikskólasérkennari, þroskaþjálfar, grunnskólakennari, doktor í sálarfærði, félagsfræðingur, starfsmaður með BS í sálarfærði, með BS í arkitektúr, tónmenntakennari, starfsmaður með BA í íslensku og starfsmaður með BA í guðfræði. Aðrir starfsmenn eru leiðbeinendur. Fjórir karlmenn starfa við leikskólann. Starfsmenn utan deilda eru matráður í 100% starfi og tveir aðstoðarmenn í 100% starfi. Fyrirtækið ISS sér um ræstingu leikskólans. Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.³

Starfsmannavelta

Starfsmannavelta hefur ekki verið mikil í leikskólanum undanfarin ár. Haustið 2013 þurfti að ráða starfsfólk á nýja deild fyrir yngstu börnin og fjölga starfsfólki í sérkennslu og í afleysingar.

Húsnæði

Húsnæði leikskólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.⁴ Í Mánabrekku, byggingu frá 1996 þar sem yngri börn dvelja, hefur hver deild til umráða leikstofu og hvíldarherbergi en tvær deildir deila einni snyrtingu og fataklefa. Auk þess er sameiginlegt rými í sal, listaskála og á gangi fyrir allar deildri. Í Sólbrekku, sem byggð var 1981 og endurbætt 1998, þar sem eldri börn dvelja, hefur hver deild til umráða tvö til þrjú herbergi, snyrtingu og fataklefa. Auk þess er sameiginlegt rými í sal og í listaskála. Í báðum húsum er skrifstofa fyrir stjórnendur, kaffistofa fyrir starfsmenn, fundarherbergi, undirbúningsherbergi og aðstaða fyrir sérkennslu. Í húsnæði fyrir yngstu börnin, sem staðsett er í kjallara Seltjarnarneskirkju, hefur deildin til umráða leikherbergi, tvö minni herbergi og snyrtingu. Kaffistofa fyrir starfsmenn er á staðnum en ekki undirbúningsherbergi,

³ Lög um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

⁴ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

fundarherbergi eða sérkennsluherbergi. Eldhús fyrir allan leikskólann er í Sólbrekku og móttökueldhús í Mánabrekku og Holti. Í leikrými yngstu barnanna skapast hávaði vegna lélegrar hljóðvistar. Samkvæmt viðtölum við stjórnendur, deildarstjóra og starfsmenn eru þeir sáttir við húsnæði Mánabrekku, nema salernisaðstöðu barna sem þeir telja ekki fullnægjandi. Sólbrekka er í eldra húsnæði og kom fram í viðtölum að starfsfólk er ósátt við það, húsnæðið er orðið lúíð og þar er kalt í kuldatíð. Einnig kom fram að fólk er hugsandi yfir öryggi og heilnæmi húsnæðisins. Varðandi húsnæði yngstu barnanna eru starfsmenn ánægðir með svæðið sem ætlað er börnunum en óánægt með lélega hljóðvist en verið er að vinna að úrbótum eftir því sem tók eru á.⁵ Í samtali við sérkennslustjóra kom fram að aðstaða fyrir sérkennslu mætti vera betri.⁶ Í samtali við foreldra kom fram að þeir hafa áhyggjur af að laus húsgögn, s.s. hillur, skapi slysaættu á leiksvæði barnanna.⁷ Samkvæmt skýrslu frá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis frá 27. nóvember 2013 eru ekki gerðar athugasemdir við húsnæði og húsbúnað í leikskólanum en varðandi innra eftirlit er bent á að þrifaplan vanti og hitastigseftirliti sé ábótavant.⁸ Innra eftirlit felst í því að gera skal árlega rekstrarskoðun, þ.e. ítarlega skoðun á öryggi leiksvæðis og leiktækja, og skal hún fara fram a.m.k. tvisvar á ári. Bæjarverkstjóri ber ábyrgð á framkvæmd rekstrarskoðunar og eftirfylgni við hana. Brugðist er við athugasemdum frá starfsfólki varðandi slysaættur þó ekki hafi komið formlegar athugasemdir af hálfu eftirlitsaðila.⁹

Útileiksvæði

Á útileiksvæði leikskólans hefur upprunaleg skipting milli leikskólanna Sólbrekku og Mánabrekku verið látin halda sér. Útileiksvæðið er stórt og býður upp á aðstöðu til fjölbreyttra leikja. Samkvæmt viðtölum við starfsmenn, deildarstjóra og foreldra er nokkur óánægja með útileiksvæðið.¹⁰ Í samtali við foreldra kom fram að þeir skilja ekki tilgang þess að hafa trjádrumba á leikskólalóðinni og hafa áhyggjur af því að bæði börn og foreldrar geti dottið um þessa drumba.¹¹ Í skýrslu BSI á Íslandi, sem er faggild skoðunarstofa, er talað um drumbana sem aukahluti sem lagfæra þurfi fyrir næstu aðalskoðun.¹² Foreldraráð hefur unnið að því að fá útileiksvæðið lagfært með tilliti til öryggis og m.a. sent erindi til sveitarstjórnar og mennta- og menningarmálaráðuneytis.¹³ Í fyrrnefndir úttektarskýrslu BSI vegna aðalskoðunar á leikskólalóð Leikskóla Seltjarnarness, sem byggir á vettvangskönnun sem gerð var 31. október 2013, koma fram 11 frávik sem þarfnast lagfæringar innan árs og eitt sem þarfnast lagfæringar innan sex mánaða. Flestar snúast athugasemdirnar um undirlag við leiktæki og hæð undir rólur og dekk.¹⁴ Í kjölfar aðalskoðunar BSI og bréfs foreldra til mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru gerðar margvíslegar endurbætur á útileiksvæði leikskólans og verkferlar varðandi öryggismál á leiksvæðum Seltjarnarnesbæjar voru endurskoðaðir. Skipaður var starfshópur í janúar 2013 sem hefur skilað öryggishandbók fyrir leiksvæði. Í öryggishandbókinni eru verkferlar um aðalskoðun og eftirlit leiksvæða, hvernig eftirfylgni með úttekt skal vera, upplýsingar um kröfur við innkaup á leiktækjum og frágang þeirra, verklag varðandi daglegt eftirlit með leiksvæðum, verkferlar varðandi slysa á börnum, verkferlar um fræðslu um öryggismál fyrir nýja starfsmenn, öryggi í og við leikskólabyggingu, almennt um öryggi á ferðalögum, viðbrögð við vá og rýmingu húsnæðis.¹⁵ Útileiksvæði deildarinnar sem staðsett er í kirkjunni þarfnast endurskoðunar og úrbóta.

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Námskrár leikskólans eru frá 2009 og taka því mið af lögum frá 2008. Foreldraráð var stofnað við leikskólann árið 2009.

⁵ Viðtöl við leikskólustjóra, aðstoðarleikskólustjóra og verkefnastjóra, rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

⁶ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁷ Rýnihópur foreldra.

⁸ Gögn frá fræðslustjóra – Skýrsla frá Heilbrigðisnefnd Kjósarsýslu.

⁹ Gögn frá fræðslustjóra – Öryggishandbók leikskóla.

¹⁰ Rýnihópar starfsmanna, deildarstjóra og foreldra.

¹¹ Rýnihópur foreldra.

¹² Gögn frá fræðslustjóra - Skýrsla BSI.

¹³ Rýnihópur foreldra.

¹⁴ Gögn frá fræðslustjóra - Skýrsla BSI.

¹⁵ Upplýsingar frá formanni skólanefndar

Áhrif hagræðingar í kjölfar efnahagshruns á starfsemi leikskólans

Stöðugildum við leikskólann var fækkað þegar tekin var út 55% staða leikskólakennara í listaskála og dregið var úr innkaupum á kennslugögnum og efnivið. Fundum í leikskólanum var fækkað, mánaðarlegum starfsmannafundum og fagfundum var fækkað í fjóra á ári.

Skólastefna og áherslur sveitarfélagsins

Seltjarnarnesbær hefur mótað sér skólastefnu sem gildir fyrir leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla. Skólastefna Seltjarnarness byggir á gildunum *virðing*, *ábyrgð* og *velliðan* sem þátttakendur á Skólapingi Seltjarnarnesbæjar 2011 sammæltust um. Í skólastefnunni er lögð áhersla á að barnið sé ávallt í brennidepli og nái að þroska hæfileika sína. Allt skólastarf á að mæta þörfum hvers og eins hvað varðar viðfangsefni náms og kennsluhætti og stuðla að velliðan nemenda. Áhersla skal lögð á gott samstarf og sátt um skólastarfið og að virðing einkenni samskipti nemenda, foreldra og starfsfólks skólanna. Nemendur, foreldrar, kennarar og annað starfsfólk vinni saman að því að byggja upp jákvætt samfélag, góðan starfsanda og heilbrigðan aga í metnaðarfullu, skapandi og öruggu umhverfi.

Hugmyndafræði, stefna og helstu áherslur þættir leikskólans

Gildi leikskólans sem starfsmenn komu sér saman um þegar leikskólarnir tveir voru sameinaðir eru *jákvæðni*, *virðing* og *fagmennska*. Áherslur þættir í leikskólastarfinu eru tónlist, SMT-skólafærni og umhverfismennt. Fram kemur í námskrám gömlu leikskólanna tveggja, sem finna má á heimasíðu leikskólans, að starfað sé samkvæmt hugmyndafræði John Dewey. Þar er talað um að börnin eigi að vera þátttakendur í að móta eigin veröld, rödd þeirra fái að hljóma og að á þau sé hlustað. Í leikskólanum er lögð áhersla á leikinn sem hornstein í starfi leikskólans og áhersla er á að styrkja börnin til sjálfshjálpar og auka sjálfræði þeirra. Í rýnihópi deildarstjóra og viðtali við aðstoðarleikskólastjóra kom fram að hugmyndafræði Dewey lægi til grundvallar starfinu og nefndu í því sambandi að lögð væri áhersla á frjálstan leik. Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að hugmyndir Dewey hefðu verið lagðar til grundvallar í leikskólunum Sólbrekku og Mánabrekku, auk annarra fræðikenninga, en þetta væri þáttur sem ætti eftir að ræða betur í tengslum við gerð nýrrar námskrár fyrir leikskólann. Leikskólinn tekur þátt í verkefninu *Skólar á grænni grein*, hefur flaggað Grænfánanum frá 2004 í Mánabrekku og síðan í sameinuðum leikskóla. Unnið er með tónlist í leikskólanum í samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness en fyrir sameiningu var unnið með tónlist í báðum leikskólunum. Í leikskólanum er unnið með SMT-skólafærni (e. Positive Behavior Support/PBS) sem einn af áherslur þáttum í uppeldisstarfinu en áður var unnið með SMT í leikskólanum Sólbrekku og síðan í sameinuðum leikskóla. Markmið verkefnisins er að skapa gott andrúmsloft í leikskólanum og tryggja öryggi og velliðan allra sem þar dvelja. Í SMT-skólafærni er lögð áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun með því að kenna og þjálfra félagsfærni og gefa gaum að jákvæðri hegðun. Einnig er unnið með Stig af stigi, sem er lífsleikniverkefni sem á að auka tilfinningaþroska barna á aldrinum fjögurra til tíu ára16 á eldri deildum leikskólans. Að sögn deildarstjóra þekkja þeir gildi leikskólans og hugmyndafræði en starfsmenn í rýnihópi nefndu aðeins gildin. Fram kom í rýnihópi með foreldrum að þeir þekkja ekki gildi leikskólans en eru vel meðvitaðir um áherslur þætti hans.

Styrkleikar

- Starfsfólk leikskólans hefur sameinast um ákveðin gildi fyrir sameinaðan leikskóla.
- Tekist hefur að samræma í starfinu áherslur þætti frá báðum leikskólum eftir sameiningu.
- Starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um áherslur þætti leikskólans.
- Samstarf er við Tónlistarskóla Seltjarnarness.
- Húsnæði uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.¹⁷
- Lögð er áhersla á leikinn sem námsleið barnanna.
- Sveitarfélagið hefur sett sér skólastefnu.

¹⁶ Stig af stigi.

¹⁷ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Tækifæri til umbóta

- Leita ætti leiða til að fjölga leikskólakennurum við leikskólann þar sem leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði í lögum nr. 87/2008, um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Skoða þarf hvernig starfsmenn geta sameinast um hugmyndafræði í tengslum við gerð nýrrar námskrár.
- Huga þarf að endurbótum á eldra húsnæði leikskólans.
- Æskilegt er að skoða hvort hægt er að nýta betur sameiginleg svæði leikskólans.
- Leita þarf leiða til að bæta hljóðvist í Holti.
- Skoða þarf öryggisatriði á leiksvæði barna innanhúss, s.s. lausar hillur.
- Ná þarf sáttum við foreldra um leikefni sem boðið er upp á á útileiksvæði barnanna.
- Gera þarf úrbætur á útileiksvæði yngstu deildar við Seltjarnarneskirkju.

Skólanámskrá

Í Leikskóla Seltjarnarness eru tvær námsskrár í gildi sem uppfylla lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá frá 1999. Námsskrárnar voru gerðar á sínum tíma fyrir leikskólana Mánabrekku og Sólbrekku og áherslur því ekki þær sömu. Einnig er til námsskrá fyrir elstu börn leikskólans sem gerð var fyrir elstu börnin í Sólbrekku.¹⁸ Eftir að leikskólarnir voru sameinaðir í Leikskóla Seltjarnarness hefur verið unnið að því að semja nýja námsskrá fyrir sameinaðan leikskóla, að því er fram kom í viðtölum við stjórnendur og rýnihópi starfsfólks. Búið er að sameinast um þrjá þætti, umhverfismennt, SMT-skólafærni og tónlist. Fyrir sameiningu vann leikskólinn Mánabrekka með *Skólar á grænni grein* og Sólbrekka með SMT-skólafærni. Á báðum leikskólum var unnið með tónlist og var ákveðið að halda því áfram. Í nýrri skólanámskrá verður einnig áhersla á grunnþætti menntunar sem koma fram í aðalnámskrá leikskóla.¹⁹ Á heimasíðu leikskólans er hægt að sækja upplýsingar um þættina þrjá sem leikskólinn leggur áherslu á.²⁰

Samræmi leikskólastarfs við skólanámskrá

Áhersluþættir leikskólans, umhverfismennt, SMT-skólafærni og tónlist, komu skýrt fram í vettvangsathugunum og viðtölum við stjórnendur, starfsfólk, foreldra og börn. Í viðtali við rýnihóp foreldra kom fram mikil ánægja með tónlistarstarfið í leikskólanum og einnig fannst þeim vel staðið að umhverfismennt barnanna.²¹ Í námsskrá fyrir elstu börn leikskólans er fjallað um lífsleikni, þar sem markmiðin eru meðal annars að börnin beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu og læri æskilegar hegðunarreglur en Stig af stigi er notað sem leið til að ná þessum markmiðum.²² Einkunnarorð leikskólans eru áberandi í leikskólanum og á heimasíðu hans. Aðspurðir voru þó nokkrir viðmælendur í erfiðleikum með að muna þau og virðist því sem þau séu ekki töm öllu starfsfólki leikskólans. Í vettvangsathugunum kom í ljós að nokkuð misræmi er á milli deilda varðandi það hvort unnið er eftir öllum þremur einkunnarorðunum. Að sögn stjórnenda er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barna. Samkvæmt dagskipulagi má sjá að leiknum er gefinn góður tími. Í vettvangsathugunum kom fram að ekki er samræmi milli deilda hvernig leiknum er gefið rými. Í rýnihópi barna kom fram að ekki gilda sömu reglur á öllum deildum leikskólans. Til að mynda þegar börnin eru búin að velja sér viðfangsefni í gegnum valkerfi er munur á milli deilda hvort megi skipta um viðfangsefni: „Kennararnir velja hvað er í vali en við ráðum hvert við förum.“ Svo bættu þau við að sumir megi skipta stundum um viðfangsefni en aðrir megi alltaf skipta um viðfangsefni og „hjá mér má skipta í eitthvað sem er ekki í vali.“²³

¹⁸ Heimasíða Leikskóla Seltjarnarness.

¹⁹ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópa deildarstjóra og starfsfólks

²⁰ Heimasíða Leikskóla Seltjarnarness.

²¹ Rýnihópur foreldra.

²² Námskrá 5 ára barna.

²³ Rýnihópur barna.

Aðkoma starfsmanna að gerð nýrrar skólanámskrár

Vinna við nýja skólanámskrá er hafin en gert var hlé um stundarsakir þar sem opnuð var ný deild síðastliðið haust. Samkvæmt leikskólastjóra er lögð áhersla á að allt starfsfólk komi að námskrárgerðinni og búið er að skipta starfsfólki niður í umræðuhópa. Hver hópur hefur einn grunnþátt úr aðalnámskrá leikskóla til umfjöllunar. Byrjað er að vinna með grunnþáttinn Heilbrigði og velferð, búið er að skipta starfsfólki í hópa, lesa og horfa á fræðslumyndband, ásamt því að ræða og ígrunda.²⁴ Leikskólastjóri telur að þrátt fyrir að gerð nýrrar skólanámskrár hafi tafist megi samt sem áður sjá árangur af vinnunni inni á sumum deildum.²⁵ Í viðtölum við deildarstjóra kom fram að aðkoma barnanna að námskrárgerðinni er óbein. Börnin hafa ekki bein áhrif á skólanámskrána en deildarstjórar segja að börnin hafi áhrif á daglegt starf með því að láta í ljós áhuga sinn. Hreyfiland var nefnt sem dæmi, en það er samstarf yngri deilda leikskólans við heilsuræktarstöðina Hreyfiland. Það hófst sem tilraunaverkefni sem ákveðið var að halda áfram með þar sem áhugi barnanna var mikill.²⁶ Aðkoma foreldra að námskrárgerðinni er í gegnum foreldraráð leikskólans.²⁷

Styrkleikar

- Unnið er samkvæmt þeim áhersluþáttunum sem starfsmenn hafa sameinast um SMT-skólafærni, umhverfismennt og tónlist.
- Einkunnarorð leikskólans eru allstaðar sýnileg.
- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og áætlað er að ljúka henni á þessu ári.
- Allir starfsmenn taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.

Tækifæri til umbóta

- Ljúka við gerð skólanámskrár fyrir 2015.
- Huga þarf að samræmingu á vinnulagi milli deilda.
- Huga þarf að aðkomu barna og foreldra við gerð skólanámskrár.
- Æskilegt er að taka eldri námskrár af heimasíðu.

Stjórnun og starfsfólk

Rekstraraðili Leikskóla Seltjarnarness er Seltjarnarnesbær. Skólanefnd bæjarins fer með málefni leikskóla og grunnskóla. Skólanefnd er skipuð fimm aðalmönnum, kjörnum af bæjarstjórn, og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Rétt til setu á fundum skólanefndar á meðan fjallað er um málefni leikskóla, með málfrelsi og tillögurétt, eiga leikskólastjóri Leikskóla Seltjarnarness, einn fulltrúi kennara og einn fulltrúi foreldraráðs. Skólanefnd staðfestir starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla, fylgist með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi, fylgist með og stuðlar að því að nemendum í skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu og húsnæði skólans sé viðeigandi.²⁸

Í samtali við formann skólanefndar kom fram að fræðslufulltrúi á skólaskrifstofu fylgist með leikskólastarfinu, árlega eru gerðar foreldrakannanir sem eru hluti af íbúakönnun sveitarfélagsins og starfsmannakannanir og settir af stað starfshópar sem fjalla um niðurstöður og gera tillögur að úrbótum þegar með þarf. Ekki hafa komið fram kvartanir vegna starfsemi leikskólans og hefur hann almennt fengið góða umsögn í foreldrakönnunum. Það sem kvartað hefur verið undan er ástand leikvallar og fyrirspurnir vegna matarins í leikskólanum.

²⁴ Viðtal við verkefnastjóra.

²⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁶ Viðtal við deildarstjóra.

²⁷ Viðtal við leikskólastjóra.

²⁸ Heimasíða Seltjarnarnesbæjar, viðtal við leikskólastjóra og formann skólanefndar.

Leikskólastjóri Leikskóla Seltjarnarness hóf störf árið 1997 í leikskólanum Sólbrekku og var ráðinn sem leikskólastjóri að sameinuðum leikskóla 2010. Samkvæmt upplýsingum leikskólastjóra samanstandur stjórnunarteymi leikskólans af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og verkefnastjóra og til er skriflegur samningur um verkaskiptingu þeirra. Næstu stjórnendur eru deildarstjórar en ekki eru til skriflegir verkferlar um ábyrgð þeirra varðandi stjórnun. Að sögn leikskólastjóra er skýrt fyrir starfsfólki hvernig stjórnunarteymið skiptir með sér verkum og á starfsfólk að vera vel meðvitað um það. Deildarstjórar og starfsmenn í rýnihópum staðfestu þetta.²⁹ Stjórnunarteymið leggur áherslu á að deildarstjórar taki þátt í ákvarðanatöku og vilja auka þátt þeirra í stjórnun leikskólans. Fram kom í viðtölum við stjórnendur að sameiningin hafi verið stórt verkefni sem þeir fengu utanaðkomandi hjálp við að koma af stað og hafi það skipt miklu máli.³⁰

Stjórnskipulag og skipurit

Ekki er til skipurit fyrir leikskólann en á heimasíðu leikskólans er að finna lista yfir starfsfólk leikskólans og þar koma fram stöðuheiti starfsmanna. Leikskólastjóri sagði að starfsábyrgð deildarstjóra væri samkvæmt starfslýsingu frá Félagi leikskólakennara. Í samtölum við foreldra, starfsmenn og deildarstjóra kom fram að þeir hafa gott aðgengi að stjórnendum. Deildarstjórar og starfsmenn segja að aðstoðarleikskólastjóri sé sýnilegur á deildum en vildu sjá meira af leikskólastjóranum inni á deildum. Ákvarðanataka innan leikskólans er í höndum stjórnunarteymis og deildarstjóra og er að þeirra mati skilvirk. Fundir stjórnunarteymis og deildarstjóra eru haldnir mánaðarlega og að sögn leikskólastjóra vinnur þessi hópur vel saman.³¹ Starfsmenn voru sammála um að hlustað væri á raddir þeirra en töluðu um að samvinna þyrfti að vera meiri og stjórnunin meira afgerandi.³² Deildarstjórar og starfsmenn telja upplýsingaflæði ekki nægjanlega gott en sögðust vita hvert þeir eigi að leita með einstaka mál.³³ Í samtölum við foreldra kom fram að þeir telja sig hafa mjög góðan aðgang að stjórnendum leikskólans.³⁴ Í rýnihópi barna kom fram að þau vita hvað leikskólastjórinn heitir og að hann ræður í leikskólanum og kemur stundum inn á deild. Börnin þekktu einnig aðstoðarleikskólastjóran og sögðu að hann kæmi oft inn á deild og héldi líka fundi með þeim.³⁵

Starfsáætlun, starfsmannastefna og áætlanir varðandi starfsmannamál

Leikskólinn gefur reglulega út starfsáætlun. Í henni koma fram upplýsingar um skipulag leikskólastarfsins næsta skólaár, skóladagatal, upplýsingar um starfsmannabreytingar og foreldrasamstarf. Leikskólastjóri hefur einnig skilað ársskýrslu til sveitarfélagsins árið 2012.³⁶ Leikskólinn hefur ekki sett sér sérstaka starfsmannastefnu en starfar samkvæmt starfsmannastefnu Seltjarnarnesbæjar. Starfsmannastefna Seltjarnarnesbæjar nær til allra stofnana bæjarins og er henni ætlað að mynda skýra umgjörð um þau starfsskilyrði sem sveitarfélagið býður starfsmönnum sínum og þær almennu kröfur sem þeir þurfa að uppfylla til að veita eins góða þjónustu og mögulegt er hverju sinni. Í starfsmannastefnunni er að finna siðareglur fyrir starfsfólk. Í starfsmannastefnunni er lögð áhersla á ábyrgð og ákvarðanatöku í stjórnkerfinu þannig að sjálfstæði og frumkvæði starfsmanna sé sem mest. Einnig kemur fram að yfirmönnum deilda og stofnana er ætlað að skapa samkennd meðal starfsmanna sinna og gera þeim grein fyrir markmiðum með starfsemi og sjá til þess, að samstarf við aðrar deildir og stofnanir sé í eðlilegu horfi.³⁷ Leikskólastjóri tekur starfsmannasamtöl við deildarstjóra, sérkennslustjóra og verkefnastjóra en deildarstjórar taka starfsmannasamtöl við starfsmenn deilda og sérkennslustjóri tekur viðtal við starfsmenn sem sinna sérkennslu. Í rýnihópi starfsmanna kom fram að hluti þeirra er ósáttur við að fá starfsmannasamtal við deildarstjóra og vill frekar fá samtál við leikskólastjóra.³⁸ Deildarstjórar veltu einnig fyrir sér hvort ekki væri réttara að yfirmenn tækju starfsmannasamtöl þar sem deildarstjórar

²⁹ Efni frá leikskólastjóra.

³⁰ Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og verkefnastjóra.

³¹ Viðtal við leikskólastjóra.

³² Rýnihópur starfsmanna.

³³ Rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

³⁴ Rýnihópur foreldra.

³⁵ Rýnihópur barna.

³⁶ Heimasíða leikskólans.

³⁷ Heimasíða Seltjarnarnesbæjar.

³⁸ Rýnihópur starfsmanna.

koma ekki að ráðningum.³⁹ Samkvæmt leikskólastjóra geta starfsmenn pantað viðtal við hann eða aðstoðarleikskólastjóra ef þeir óska.⁴⁰ Skólaskrifstofur (menntanefnd) sveitarfélaga í Kraganum, þ.e. Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi, gera sameiginlega símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn leikskóla í þessum sveitarfélögum.⁴¹

Jafnréttisstefna, viðbrögð vegna loftgæða og viðbragðsáætlun vegna óveðurs eru á heimasíðu leikskólans.⁴² Í öryggishandbók leikskóla eru verkferlar varðandi slys á börnum, fræðslu um öryggismál fyrir nýja starfsmenn, öryggi í og við leikskólabyggingu, almennt um öryggi á ferðalögum og viðbrögð við vá og rýningu.⁴³ Sveitarfélagið hefur gefið út eineltisáætlun og forvarnarstefnu sem leikskólinn vinnur samkvæmt og finna má á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar.⁴⁴ Leikskólinn hefur ekki mótað sérstaka fjölmenningsstefnu.

Styrkleikar

- Stjórnskipulag er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins eru góð og þessir aðilar funda reglulega.
- Stjórnunarteymi leikskólans hefur skýra verkaskiptingu.
- Starfsmenn og foreldrar hafa góðan aðgang að stjórnendum.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtal.
- Símenntunaráætlun, verkferlar varðandi öryggismál, jafnréttisstefna og forvarnarstefna eru til staðar.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt væri að auka upplýsingar í starfsáætlun í samræmi við áherslur í aðalnámskrá.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans, gera formlegar starfslýsingum fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólans og skriflega verkferla um ákvarðanatöku.
- Huga að gerð fjölmenningsstefnu fyrir leikskólann.

Uppeldi, menntun og umönnun

Í aðalnámskrá er lögð áhersla á gildi leiksins og mikilvægi lýðræðis og jafnréttis í öllu leikskólastarfi. Þar segir: *Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagssleg tengsl við önnur börn.*⁴⁵

Í Leikskóla Seltjarnarness er lögð áhersla á leikinn sem námsleið barna. Leikurinn á að vera rauður þráður í gegnum allt starf leikskólans.⁴⁶ Í námskrám fyrir Sólbrekku og Mánabrekku og í námskrá fyrir 5 ára börnin er fjallað um leikinn sem námsleið og eru hlutverkaleikir, byggingaleikir og regluleikir dregnir fram. Nefndar eru leiðir til að efla leikinn, að bjóða upp á fjölbreyttan efnivið og að fullorðnir taki þátt í leik barnanna.⁴⁷ Í dagskipulagi deildanna er gert ráð fyrir leik, bæði úti og inni. Í rýnihópi foreldra kom

³⁹ Rýnihópur deildarstjóra og starfsmanna.

⁴⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

⁴¹ Gögn frá fræðslustjóra.

⁴² Heimasíða leikskólans.

⁴³ Gögn frá fræðslustjóra – Öryggishandbók leikskóla.

⁴⁴ Heimasíða Seltjarnarnesbæjar.

⁴⁵ Aðalnámskrá leikskóla 2011.

⁴⁶ Rýnihópur deildarstjóra, viðtal við sérkennslustjóra, viðtal við aðstoðarleikskólastjóra og viðtal við verkefnastjóra

⁴⁷ Námskrá Mánabrekku, Námskrá Sólbrekku og Námskrá fyrir 5 ára börnin í Sólbrekku.

fram ánægja með að börnin færu út að leika daglega.⁴⁸ Börnin í rýnihópi voru ánægð með útiveruna. Þar segjast þau vera frjál og fá að ráða þar. Í útiverunni fá þau að velja sér leikfélaga og leikefni og fá að öskra með útiröddinni. Þeim finnst skemmtilegast að klifra og róla.⁴⁹ Á vettvangi sáu úttektaraðilar að húsnæði var vel nýtt fyrir leik. Í húsnæði Sólbrekku eru nokkur minni herbergi inn af deildunum sem voru nýtt fyrir smærri hópa. Þar var valkerfi á milli deilda, milli þriggja elstu deildanna og milli tveggja yngri deildanna. Í húsnæði Mánabrekku eru færri herbergi og stærra sameiginlegt rými. Mátti sjá börn í leik inni á deildum og í sameiginlegu rými fyrir framan deildirnar. Sameiginlegur listaskáli er í báðum húsum. Í Holti var húsnæðið einnig vel nýtt í leik fyrir börnin. Börnin völdu sér viðfangsefni eftir áhuga hverju sinni. Á flestum deildum leikskólans voru börnin gjarnan í leik við borð en einnig mátti sjá starfsfólk í leik með börnunum á gólfinu. Misjafnt var á milli deilda hvort starfsfólk var með börnunum í leik.

Leikföng og efniviður

Í Leikskóla Seltjarnarness er ekki sérstök stefna um hvaða efnivið á að nota fyrir leikinn í leikskólastarfinu og er hann blanda úr ýmsum áttum. Samkvæmt leikskólastjóra voru umræður um efniviðinn í leikskólanum í sameiningarferlinu. Upp komu ólík sjónarmið og náðist ekki samstaða um niðurstöðu.⁵⁰ Í viðtölum við deildarstjóra kom fram vilji til að taka umræðuna upp aftur. Var rætt um að það þyrfti stefnu, að það þyrfti ekki að hafa mikinn efnivið í leikskólanum og hann mætti bjóða upp á meiri sköpun í leik.⁵¹ Misjafnt er á milli deilda hvaða efniviður er í boði. Sumar deildir bjóða mikið upp á verðlausan efnivið á meðan aðrar gera minna af því.⁵² Á vettvangi urðu úttektaraðilar varir við þennan mismun. Á vettvangi mátti einnig sjá að flest leikefni barnanna er aðgengilegt fyrir þau. Bækur voru í bókahillum í hæð barnanna sem og púsl og kassar með fjölbreyttu leikefni í. Þó mátti sjá efnivið sem var þeim óaðgengilegur, til að mynda einingakubbar í hillum sem snúa upp að vegg. Lögð er áhersla á sýnilegt ritmál og mátti sjá bókstafi og orð á veggjum inni á deildum. Einnig var unnið með lestur á landakort. Börnin í rýnihópnum ræddu um leikefnið í leikskólanum. Eitt barnanna sagðist vilja „*prófa eitthvað nýtt dót í leikskólanum*“. Börnin ræddu um hvort mætti koma með leikföng að heiman í leikskólann. Niðurstaða þeirra var að þau mega taka með sér leikföng þegar það er bangsadagur eða leikfangadagur. Þau nefndu að þegar er náttfatadagur fá þau að fara í náttföt og að þau mættu koma í búningum í leikskólann. Að lokum sagði eitt þeirra: „*Það má ekki taka dót hjá þér, bara hjá okkur*“.⁵³ Því virðist sem sameiginlegar reglur séu um á hvaða tyllidögum er boðið upp á að koma með leikföng af heiman en mismunandi reglur varðandi að koma með leikföng utan þeirra daga.

Líðan barna

Skólafestna Seltjarnarness byggir á þremur gildum; virðing, ábyrgð og vellíðan. Þar kemur fram að allt skólafestna eigi að stuðla að vellíðan barnanna.⁵⁴ Til að stuðla að vellíðan barnanna er lögð áhersla á að vel sé tekið á móti hverju barni.⁵⁵ Foreldrar telja að almennt líði börnunum vel í leikskólanum. Þeir segja börnin vera ánægð þegar þau koma í leikskólann. Foreldrar fá að fylgjast með líðan barnanna í leikskólanum í gegnum dagleg samskipti og í foreldraviðtölum. Þar fá þeir upplýsingar um barnið sitt, hvað það hefur verið að gera og hvernig því líður. Foreldrar voru ánægðir með móttökur þegar börnin hefja leikskólagöngu sína og nefndu sérstaklega þátttökuaðlögun í því samhengi. Foreldrar telja að börnunum líði vel og séu glöð að fara í leikskólann.⁵⁶ Í rýnihópi barna kom fram að þeim líður almennt vel í leikskólanum. Þeim finnst gaman að vera í útiveru, hvort sem það er í garðinum eða í vettvangsferð. Þeim finnst „kósý“ að ferðast í rútu, því þá er hægt að draga fyrir gluggann og hvíla sig. Í samtalinu kom fram að þeim líður ekki vel þegar einhver er að stríða.⁵⁷

⁴⁸ Rýnihópur foreldra.

⁴⁹ Rýnihópur barna.

⁵⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

⁵¹ Viðtal við deildarstjóra.

⁵² Rýnihópur starfsmanna.

⁵³ Rýnihópur barna.

⁵⁴ Skólafestna Seltjarnarness 2011.

⁵⁵ Viðtal við deildarstjóra.

⁵⁶ Rýnihópur foreldra.

⁵⁷ Rýnihópur barna.

Lýðræði og mannréttindi

Í Leikskóla Seltjarnarness er jafnréttisstefna sem hefur það að markmiði að *tryggja fullt jafnrétti kynjanna, þ.e. barna, starfsmanna og foreldra. Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólkið til að stuðla að góðu jafnræði í hvívetna.*

Í jafnréttisstefnunni eru nefndar leiðir til að ná markmiðunum, til að mynda á skipulag leikskólans að ýta undir að öll börn fái að njóta sín, forðast skal að efniviður ýti undir staðalímyndir, hafa opna umræðu um jafnréttismál og að leitað er eftir samstarfi við báða foreldra barnanna.⁵⁸

Í Leikskóla Seltjarnarness er verið að þróa valkerfi sem gefur börnunum svigrúm til að fara á milli deilda. Í Sólbrekku, húsinu þar sem eldri börnin dvelja, er valkerfi fyrir þrjár elstu deildarnar og svo annað fyrir hinar tvær. Á vegg í sameiginlegu rými eru settar myndir af því sem er í boði fyrir börnin að velja. Börnin velja sér viðfangsefni með því að setja miða með nöfnunum sínum við myndina af því viðfangsefni sem þau kjósa sér. Er valið sameiginlegt á milli deilda en misjafnar reglur gilda þó á hverri deild. Mismunandi er hvort börnin fá að skipta um viðfangsefni og hvort þau fá að velja sér efni sem er ekki gefið upp í valkerfinu.⁵⁹ Samkvæmt rýnihópi starfsmanna er valkerfið liður í að efla lýðræði innan leikskólans. Eins og er velur starfsfólk hvað er í boði í valinu en stefnt er á að börnin taki þátt í því vali.⁶⁰

Annað verkefni sem nefnt var í tengslum við lýðræði eru brosseislurnar. Þær eru hluti af SMT-skólafærni og eru haldnar þegar börnin hafa safnað fyrirfram ákveðnum fjölda af brosmarkkjum. Slík merki fá þau sem viðurkenningu fyrir jákvæða hegðun. Börnin velja þemu fyrir veisluna með því að koma með hugmyndir sem þau síðan kjósa um. Nefnt var dæmi um þegar börnin vildu fara út í geim í brosseislunni. Úr varð verkefni sem stóð yfir í langan tíma.⁶¹ Í vettvangsathugun sáust ummerki um geimferðina víðsvegar í Sólbrekku. Börnin útbjuggu plánetur, geimflaugar og ýmislegt sem er nauðsynlegt í geimferð. Er þessar leiðir, brosseislur og valkerfi, helst nefndar þegar spurt er um lýðræði í leikskólastarfinu.

Á heimasíðu leikskólans kemur fram að dagskipulagi sé ætlað að veita öryggistilfinningu en vera samt sem áður sveigjanlegt.⁶² Aðstoðarleikskólastjóri telur að börnin hafi áhrif á dagskipulagið og nefnir sem dæmi að börnin hafa val um hvenær dagsins þau fara út.⁶³ Þá segja deildarstjórar að verið sé að reyna að auka aðkomu barna að skipulaginu.⁶⁴ Vikulega eru haldnir fundir í tengslum við Grænfánaverkefnið. Elstu börnin skiptast á að sitja þessa fundi. Aðstoðarleikskólastjóri stýrir fundunum og segir hún umræðuefnið geta verið mjög fjölbreytt, allt frá gúmmístígvélum yfir í ströndina á Spáni.⁶⁵ Börn í rýnihópi töluðu líka um fundina og sögðu að þar væru þau að tala um umhverfið og Grænfánann „svo það komi ekki rusl hjá okkur.“ Þau segjast vera umhverfisvæn.⁶⁶ Í svörum leikskólastjóra, rýnihópi deildarstjóra og rýnihópi starfsmanna er samhljómur um að munur sé á milli deilda eftir því á hvaða hátt og að hve miklu leyti er unnið með lýðræði.⁶⁷ Í vettvangsathugunum kom það sama í ljós. Börnin eru sammála því, þau segja að það sé misjafnt eftir deildum hvort þau fái að ráða eða ekki. Þau eru sammála um að þau fái að ráða í útveru.⁶⁸

Samskipti og hegðun

Þegar gengið er um leikskólann má sjá börn sem eru upptekin í leik og í verkefnum sínum. Börnin virðast ánægð í sínum viðfangsefnum og lítið ber á árekstrum milli þeirra. Í leikskólanum er lögð áhersla á SMT-skólafærni. Það eru fyrirfram ákveðnar reglur sem sýndar eru með myndum á veggjum í leikskólanum.

⁵⁸ Jafnréttisstefna leikskóla Seltjarnarness.

⁵⁹ Rýnihópur barna.

⁶⁰ Rýnihópur starfsmanna.

⁶¹ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur starfsmanna, viðtal við verkefnastjóra.

⁶² Heimasíða leikskólans.

⁶³ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁶⁴ Viðtal við deildarstjóra.

⁶⁵ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁶⁶ Rýnihópur barna.

⁶⁷ Viðtal við leikskólastjóra, rýnihópur deildarstjóra og rýnihópur starfsmanna.

⁶⁸ Rýnihópur barna.

Lögð er áhersla á það sem börnin eiga að gera og á jákvæð samskipti. Leikskólakennarar og starfsfólk minna börnin á SMT-skólafærni reglurnar og að fara eftir myndunum sem sýna reglurnar.⁶⁹ Á vettvangi sáu úttektaraðilar að mismunandi var á milli deilda hversu mikið þessar reglur voru notaðar til að minna börnin á að eiga góð samskipti. Myndirnar eru sýnilegar um allan leikskólann og því auðvelt fyrir börn og starfsfólk að koma auga á þær.

Skólaþróun

Leikskóli Seltjarnarness vinnur að skólaþróun með því að taka þátt í hinum ýmsu þróunarverkefnum og festa þau í sessi í starfi leikskólans. Á síðasta ári tók ein deild þátt í rannsókn á læsi í samstarfi við RannUng, rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna, og önnur deild var með þróunarverkefni um persónumöppur. Unnið er að því að innleiða bæði þessi verkefni inn á allar deildir. Þá byrjaði SMT-skólafærni sem þróunarverkefni og Grænfáninn er verkefni sem er í stöðugri þróun. Leikskólastjóri nefndi einnig verkefni sem er í gangi á sumrin, Sumarskólinn, en það verkefni er samstarfi milli leikskólans, grunnskólans og frístundar. Í því fá elstu börnin í leikskólanum að kynna grunnskólanum og frístundinni áður en grunnskólastarfið hefst með því að vera með aðstöðu þar.⁷⁰ Á yngri deildum leikskólans, sem eru staðsettar í Mánabrekku, er í gangi tilraunaverkefni sem snýr að hreyfingu. Börnin fara einu sinni í viku í Hreyfiland, sem er í húsnæði stutt frá leikskólanum. Þar er aðstaða fyrir börnin til fjölbreyttrar hreyfingar, þar er starfsmaður sem tekur á móti þeim og er með fyrirfram ákveðin verkefni. Mikil ánægja er með verkefnið, sérstaklega hjá börnunum, og því var ákveðið að halda áfram með það.⁷¹ Foreldrar segja börnin ánægð með Hreyfiland og spennt fyrir því að fara.⁷² Úttektaraðilar fóru með í eina slíka ferð og taka undir það sem hefur komið fram.

Styrkleikar

- Börnunum líður vel í leikskólanum
- Jákvætt að gefa börnunum viðurkenningu í tengslum við SMT-skólafærni.
- Aðkoma barna að umhverfismennt í gegnum fundi.
- Öflugt þróunarstarf sem miðar að því að samræma vinnu innan leikskólans.

Tækifæri til umbóta

- Æskilegt er að leikskólinn móti stefnu um efnivið leikskólans.
- Leita leiða til að samræma reglur innan leikskólans og auka samstarf milli deilda og húsa.
- Æskilegt er að samræma starfsaðferðir á milli deilda út frá SMT-skólafærni.

Skólabragur og samskipti

Fram kemur í viðtali við leikskólastjóra að hann telur að skólabragur sé almennt góður í leikskólanum en í rýnihópum starfsmanna og deildarstjóra voru skoðanir nokkuð skiptar um þetta atriði.⁷³

Starfsmannahandbók er til fyrir sameinaðan leikskóla og þar koma fram gildi leikskólans og áherslur í starfi. Þar eru einnig reglur um samskipti starfsmanna og hagnýtar upplýsingar. Starfsmenn bera ábyrgð á að fylgjast með upplýsingum í dagbókum og á upplýsingatöflum. Í starfsmannahandbókinni er fjallað um mikilvægi þess að vera góð fyrirmynd, hvernig og hvar er rætt um börnin og reglur um dagleg samskipti við börn og foreldra. Í handbókinni er einnig að finna upplýsingar um stjórnkerfi Seltjarnarnesbæjar, lög og reglugerðir, aðalnámskrá, kjaramál, starfsmannamál, fundi og námskeið, reglur um leyfi og styrki, starfsreglur í sérkenntu, samstarfsaðila, upplýsingar varðandi börn og foreldra, öryggismál, eyðublöð, hús og búnað.⁷⁴

⁶⁹ Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

⁷⁰ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷¹ Viðtal við deildarstjóra.

⁷² Rýnihópur foreldra.

⁷³ Viðtal við leikskólastjóra og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

⁷⁴ Upplýsingar frá leikskólastjóra.

Starfsandi

Leikskólastjóri telur starfsandann í leikskólanum í dag almennt góðan. Þegar leikskólarnir voru sameinaðir var lagt upp úr því að líta jákvæðum augum á verkefnið, skoða það sem tækifæri frekar en erfiðleika: „Maður hefur alltaf þetta val, alltaf hægt að gera hlutina mjög erfiða eða maður getur líka horft á það með hinum gleraugunum, þannig að það gangi betur“. Unnið er að því að auka samstarf starfsfólks milli deilda og milli húsa. Í rýnihópi með deildarstjórum kom fram að vel er tekið á móti nýju starfsfólki og almennt sé starfsandinn jákvæður og leikskólinn sé góður.⁷⁵ Þar kom einnig fram að þeir segjast fá hrós frá leikskólastjóra en tala um að minna sjáist af honum inn á deildum eftir sameiningu. Deildarstjórar og starfsmenn eru sammála um að aðstoðarleikskólastjórinn komi mikið inn á deildir og hafi meiri tilfinningu fyrir því sem er að gerast á gólfinu en leikskólastjórinn. Deildarstjórar telja að leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafi svipað vægi gagnvart starfsfólki.⁷⁶ Starfsmenn telja að hrós mætti vera meira og jafnara, þó nefna þeir að aðstoðarleikskólastjóri hrósi starfsfólki oft en nefna að leikskólastjóri mætti fylgjast meira með starfinu á deildum.⁷⁷ Fram kom hjá leikskólastjóra að alltaf megi gera betur þegar kemur að því að hrósa fólki.⁷⁸

Í viðtali við leikskólastjóra kom fram að áherslur hans í starfi hafi breyst nokkuð þegar leikskólarnir voru sameinaðir. „Það breytist svolítið þegar maður er kominn með svona stóran skóla, það hverfur svolítið þessi nánd sem var áður og það sem við höfum séð í leikskólum. Að þekkja öll börnin með nafni, þekkja allt inni á deildum, hvaða hópstjóri er hvar, bara verður svolítill breyting og maður verður að sætta sig við það. Þetta er ekki hægt þegar maður er kominn með svona stóran skóla“. Leikskólastjóri nefnir að það taki tíma að venjast og sætta sig við nýjar aðstæður, nálgunin verður önnur en ekki endilega verri. Mestu máli skipti að hafa yfirsýn og geta rætt við samstarfsfólkið öðru hvoru, „Það skiptir máli fyrir fólkið að það finni að maður hefur áhuga á því sem það er að gera“.⁷⁹ Í viðtali við aðstoðarleikskólastjóra kom fram að honum finnst mikilvægt að geta farið inn á deildir til að fylgjast með starfinu en það gerir hann oftast til að aðstoða við einstaka verkefni ef deildir eru illa mannaðar. Varðandi starfsanda í leikskólanum almennt tala starfsmenn um að hópurinn sé mjög breiður og vinni þar að auki í þremur húsum. Umræðan innan starfshópsins sé stíð en e.t.v. sé það komið til vegna þess hversu húsin eru ólík, „stundum eins og hér séu margir litlir leikskólar sem allir vilja sitt“. Talað er um mun milli húsa, ólíkar vinnuaðferðir og ólík samskipti milli starfsfólks.

Upplifun starfsmanna er þó misjöfn, einn í rýnihópi sagði að það væri rosalega gaman að vinna í þessum leikskóla meðan annar upplifir mikla streitu. Starfsmenn tala um að e.t.v. megi rekja stíð samskipti til þess tíma þegar leikskólarnir voru sameinaðir, unnið var með mismunandi áherslur á hvorum stað en við sameiningu var reynt að taka áherslur frá báðum. Fulltrúar í rýnihópi starfsmanna voru sammála um að samvinna innan leikskólans þyrfti að vera meiri. Þeir sakna mánaðarlegra starfsmannafunda og telja að reyna mætti að efla starfsandann með því t.d. að gera eitthvað skemmtilegt saman utan vinnutíma. Einnig nefna starfsmenn að þeim finnist að stjórnun leikskólans mætti vera meira afgerandi.⁸⁰

Starfsfólk tók þátt í vinnustaðgreiningu sem unnin var af Capacent fyrir Seltjarnarnesbæ í nóvember 2013. Í niðurstöðum kemur fram að ánægja starfsfólks í leikskólanum hefur lækkað frá síðustu mælingu. Mest er óánægjan með tækjabúnað leikskólans, mat á frammistöðu starfsmanna af hálfu stjórnenda, upplýsingastreymi og þjálfun nýrra starfsmanna. Styrkleikar leikskólans, samkvæmt greiningunni, eru samstarf starfsfólks og umhyggja þess hvert fyrir öðru, tækifæri til frumkvæðis og þekking á starfinu.⁸¹ Í samtali við stjórnendur kom fram að síðastliðið haust, þegar vinnustaðgreiningin fór fram, hafi stjórnendur verið uppteknir við að koma af stað nýrri deild fyrir yngstu börn leikskólans og því lítið verið við í leikskólanum.⁸² Í kjölfar niðurstaðna var sett af stað vinna við að bæta starfsandann og samræma vinnuaðferðir. Fulltrúar starfsfólks á öllum starfsstöðvum komu að þessari vinnu og stjórnendur fengu aðstoð utanaðkomandi sérfræðings stýra þessari vinnu og leiða skólanámskrágerð með öllu starfsfólki leikskólans. Foreldrar í rýnihópi sögðu að reynt sé að stuðla að því að öllum líði vel, almennt sé góður

⁷⁵ Rýnihópur deildarstjóra.

⁷⁶ Rýnihópur deildarstjóra.

⁷⁷ Rýnihópur deildarstóra.

⁷⁸ Viðtal við leikskólastjóra.

⁷⁹ Viðtal við leikskólastjóra.

⁸⁰ Rýnihópur starfsmanna.

⁸¹ Upplýsingar frá fræðslustjóra - Niðurstöður úr vinnustaðgreiningu Capacent 2013.

⁸² Viðtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

andi í leikskólanum en sé þó mismunandi eftir deildum. Í skólustefnu Seltjarnarnesbæjar segir: Í lýðræðisþjóðfélagi byggir nám og kennsla í góðum skóla á metnaðarfullu og hæfileikaríku starfsfólki, faglegri stjórnun og forystu, fjölbreyttum starfs- og kennsluaðferðum ásamt virkri þátttöku nemenda og foreldra.

Skipulags- og námskeiðsdagar eru fimm á ári. Námskeiðsdagur er sameiginlegur með leik-, grunn- og tónlistarskóla en skipulagsdagar eru nýttir til skipulags og endurmats á leikskólastarfinu. Í samstarfi við nágrannasveitarfélögin í Kraganum er gerð símenntunaráætlun og boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra og námskeið fyrir alla sem starfa í leikskólum.

Jafnrétti

Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu en markmið hennar er að tryggja fullt jafnrétti kynjanna, þ.e. barna, starfsmanna og foreldra. Jafnréttisstefnan er leiðarvísir fyrir starfsfólk til að stuðla að góðu jafnræði í hvívetna.⁸³ Í Leikskóla Seltjarnarness er stuðlað að því að karlar jafnt sem konur ráðist til starfa, að vinnuframlag og ábyrgð beggja kynja sé jafnt og leitast er við að fræða starfsfólk og opna umræðu um jafnréttismál. Í jafnréttisstefnu Seltjarnarnesbæjar segir að kynbundin áreitni og/eða kynferðisleg áreitni sé með öllu óheimil á vinnustöðum bæjarins. Til að viðhalda jafnréttisstefnu leikskólans skal einn starfsmannafundur á ári vera tileinkaður jafnréttisumræðu. Leikskóli Seltjarnarness hefur hlotið viðurkenningu frá Seltjarnarnesbæ fyrir gott starf að jafnréttismálum.⁸⁴

Styrkleikar

- Árlega er gerð vinnustaðagreining.
- Starfsmannahandbók er til fyrir sameinaðan leikskóla.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og fengið viðurkenningu fyrir starf að jafnrétti í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta

- Skoða þarf hvernig efla má starfsandann í leikskólanum.
- Bæta þarf tækjabúnað leikskólans.

Mat á námi og velferð barna

Í leikskólanum eru farnar ýmsar leiðir til að meta nám og velferð barna. Unnið er með *Lubbi finnur málbein* sem gefur leikskólakennurum og starfsfólki tækifæri til að fylgjast með framförum barnanna. *Lubbi finnur málbein* er námsefni fyrir börn á aldrinum 2-7 ára. Höfundar námsefnisins eru talmeinafræðingar og er markmið þess að örva málþroska og hljóðnám.⁸⁵ Verið er að innleiða persónumöppur en með notkun þeirra er hægt að fylgjast með framförum barnanna. Byrjað verður á yngri deildum og fylgja möppurnar börnunum út leikskólagönguna. Markmiðið er að persónumöppurnar segi sögu hvers barns frá upphafi leikskólagöngunnar þar til það útskrifast. Í möppunum eru meðal annars sjálfmyndir barnanna og skráningar um barnið, hvernig aðlögunin gekk, afmælisráningar, skráning í listasmiðju og í hópstarfi. Að auki er stuðst við opinbera lista til að meta nám og stöðu barna: HLJÓM-2,⁸⁶ Íslenska þroskalistinn⁸⁷ og Orðaskil.⁸⁸ Gerð er samantekt á stöðu barnanna fyrir foreldraviðtöl.⁸⁹ Fylgst er sérstaklega vel með

⁸³ Heimasíða leikskólans.

⁸⁴ Heimasíða Seltjarnarnesbæjar.

⁸⁵ Þóra Másdóttir og Eyrún Ísafold Gísladóttir. 2009

⁸⁶ HLJÓM-2

⁸⁷ Íslenski þroskalistinn.

⁸⁸ Orðaskil-málþroskapróf.

⁸⁹ Viðtal við deildarstjóra.

börnum með sérþarfir.⁹⁰

Styrkleikar

- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að meta nám og velferð barna.

Foreldrasamvinna og ytri tengsl

Sérstök viðhorfskönnun er ekki lögð fyrir foreldra barna í leikskólanum en niðurstöður úr árlegri könnun á þjónustu sveitarfélaga sem er lögð fyrir íbúa sýnir að 84% svarenda er mjög eða frekar ánægðir með þjónustu Leikskóla Seltjarnarness.⁹¹

Ekki er til skrifleg móttökuaætlun fyrir börn sem eru að byrja í leikskólanum en alltaf er fylgt sama ferli. Haldnir eru fundir með nýjum foreldrum þar sem leikskólastjóri kynnir áherslur leikskólans. Áður en barnið byrjar fá allir foreldrar einstaklingsviðtal þar sem gengið er frá dvalarsamningi. Síðast liðið haust var tekin upp þátttökuaðlögun og haldinn upplýsingafundur fyrir foreldra um fyrirkomulag aðlögunar. Í samtali við foreldra kom fram að mikil ánægja er með þátttökuaðlögunina. Foreldrar eru yfirleitt ánægðir með samskipti við starfsmenn leikskólans, aðgengi að stjórnendum er gott og þeir finna sig velkomna. Fram kom í samtali við foreldra að upplýsingastreymi frá stjórnendum væri gott en mismunandi er eftir deildum hversu miklum upplýsingum er komið á framfæri um starfið og hvernig þeim er komið á framfæri. Sumar deildir senda tölvupósta og aðrar deila myndum á Instagram, einnig er foreldraaðgangur á heimasíðu leikskólans: „Held að deildarstjórnarnir séu misjafnir og upplýsingarnar mismunandi líka, t.d. varðandi stafakennsluna, það ætti kannski að vera samræmd stefna um starfsemi deilda“.⁹² Foreldrum er boðið í foreldrakaffi og eins er boðið í ömmu- og afakaffi. Foreldrum er einnig boðið í söngstundir en mismunandi er eftir deildum hversu oft það er. Foreldrar eru mjög ánægðir með tónlistarstarfið sem fram fer í leikskólanum og stoltir yfir dagskrá sem leikskólinn var með á Degi leikskólans á Eiðistorgi. Foreldrar segjast vera ánægðir með foreldrasamtöl sem eru einu sinni á ári. Þar er farið yfir niðurstöður úr prófum og þroskamati hjá elstu börnunum, foreldrum eru sýndar bækur (persónumöppur) með teikningum sem barnið hefur unnið og spjallað um hvernig barninu líður í leikskólanum og hvernig því líður að fara í leikskólann. Foreldrar eru ánægðir með dagatal leikskólans og heimasíðu og með sameiginlega skipulagsdaga leikskólans og grunnskólans. Foreldrar í rýnihópi lýstu yfir ánægju með að börnin fari daglega út að leika, með samstarfið við grunnskólann og frístund um skólaalögun (Sumarskólinn), samstarf við Gróttu og tilraunastarfið með Hreyfilandi.

Það sem foreldrar nefndu sem neikvætt í samskiptum við leikskólann er flutningur barna milli deilda og að vinir fá ekki að fylgjast að. Foreldrar skilja ekki rökin sem lögð eru fram af hálfu leikskólans og segja að þetta valdi börnunum vanlíðan og leiða.⁹³

Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Í stjórn ráðsins sitja þrjú fulltrúar foreldra. Kosið er í foreldraráð að hausti og fundar leikskólastjóri reglulega með ráðinu. Á heimasíðu leikskólans er að finna upplýsingar um hlutverk foreldraráðs. Í leikskólanum er einnig starfandi foreldrafélag og kemur fram á heimasíðu leikskólans hvert hlutverk þess og tilgangur er.⁹⁴ Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að foreldrar lesa yfir starfsáætlun og ársskýrslu leikskólans.⁹⁵ Í viðtali við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihóp foreldra kom fram að foreldrafélagið sér um vorhátíð leikskólans.⁹⁶ Samkvæmt jafnréttisstefnu

⁹⁰ Viðtal við sérkennslustjóra.

⁹¹ Gögn frá fræðslustjóra.

⁹² Rýnihópur foreldra.

⁹³ Rýnihópur foreldra.

⁹⁴ Heimasíða leikskólans.

⁹⁵ Viðtal við leikskólastjóra.

⁹⁶ Viðtöl við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihóp foreldra.

leikskólans eru báðir foreldrar hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, upplýsingastreymi er beint til beggja foreldra og stuðlað að góðu samstarfi við báða foreldra.⁹⁷

Samstarf leikskóla og grunnskóla

Samstarf á milli leikskóla og grunnskóla Seltjarnarness byggist á skriflegu samkomulagi og er í föstum farvegi en áhugi er fyrir að auka samstarfið. Deildarstjórar á elstu deildum bera ábyrgð á samstarfinu af hálfu leikskólans og kennarar í fyrsta bekk af hálfu grunnskólans. Skipulagðar eru heimsóknir leikskólabarna í grunnskólann þar sem þau taka þátt í ýmsum verkefnum og nemendur grunnskólans koma í heimsókn í leikskólann. Í leikskólanum er unnið með sérstök „skólaverkefni“ og eru verkefnin valin í samvinnu við grunnskólann. Sérkennslustjórinn hittir kennara fyrsta bekkjar til að upplýsa um stöðu barna sem notið hafa sérkennslu í leikskólanum. Árlega eru haldnir fundir með deildarstjórum elstu deilda og leikskólastjóra og kennurum í fyrsta bekk grunnskólans til að meta samstarfið.⁹⁸ Í samtali við foreldra kom fram mikil ánægja með samstarf leikskóla og grunnskóla.⁹⁹ Sumarskólinn er samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundar og er fyrir börn sem eru að útskrifast úr leikskólanum. Sumarskólinn var festur í sessi árið 2011 og er starfræktur í húsnæði grunnskólans og miðar að því að venja börnin við umhverfi grunnskólans og flýta inntöku nýrra barna í leikskólann.¹⁰⁰ Í viðtölum við stjórnendur, starfsmenn og foreldra var mikil ánægja með samstarf leik- og grunnskólans¹⁰¹ og einnig ánægja með Sumarskólann.¹⁰²

Samstarf við aðrar stofnanir

Leikskólar Seltjarnarness hófu samstarf við Tónlistarskólann haustið 1997 og hefur það samstarf haldist eftir að leikskólarnir voru sameinaðir. Samstarfið felst í því að tónlistarkennari kemur inn í leikskólann og sér um tónlistarstundir með öllum börnunum. Nemendur tónlistarskólans koma reglulega og halda tónleika í leikskólanum og leikskólabörnin fara á tónleika í tónlistarskólanum. Þegar leikskólabörnin fara í skruðgöngu fyrir sumarhátíðina koma krakkar úr lúðrasveit tónlistarskólans og spila undir í göngunni.¹⁰³ Stjórnendur, starfsmenn og foreldrar lýsa yfir mikilli ánægju með þetta samstarf og líta á tónlistina sem mikilvægan þátt í starfi leikskólans.¹⁰⁴ Leikskólinn er einnig í samstarfi við íþróttafélagið Gróttu og þar fá eldri börnin kynningu og leiðsögn í þeim íþróttagreinum sem félagið býður upp á s.s. handbolta, fótbolta og fimleikum. Einnig er leikskólinn í samstarfi við íþróttamiðstöðin varðandi lán á húsnæði fyrir skemmtanir. Leikskólinn er í samstarfi við bókasafn bæjarins og börnin fara þangað reglulega í sögustundir og fá lánaðar bækur. Einnig hefur leikskólinn fengið lánaðan sal hjá bókasafninu fyrir fundi. Samstarf við kirkjuna felst í því að börnin fara þangað í heimsókn einu sinni á ári. Í gangi er tilraunaverkefni um samstarf yngri deilda leikskólans við heilsuræktarstöðina Hreyfiland. Öll börn á yngri deildum fara vikulega í hreyfingu undir stjórn kennara stöðvarinnar. Mikil ánægja er með þetta verkefni meðal starfsfólks og foreldra og vilji til að halda því áfram.¹⁰⁵

Styrkleikar

- Samkvæmt þjónustukönnun sveitarfélaga eru foreldrar almennt ánægðir með leikskólann.
- Góð samskipti eru milli foreldra og starfsmanna leikskólans.
- Gott upplýsingaflæði er til foreldra frá stjórnendum leikskólans.

⁹⁷ Heimasíða leikskólans.

⁹⁸ Viðtöl við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra.

⁹⁹ Rýnihópur foreldra.

¹⁰⁰ Heimasíða Seltjarnarnesbæjar.

¹⁰¹ Viðtöl við stjórnendur og rýnihópur foreldra.

¹⁰² Rýnihópur foreldra.

¹⁰³ Viðtal við leikskólastjóra.

¹⁰⁴ Viðtöl við stjórnendur og rýnihópa deildarstjóra, starfsmanna og foreldra.

¹⁰⁵ Viðtöl við stjórnendur og starfsmenn, rýnihópur foreldra.

- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingar sem þeir fá í foreldrasamtölum.
- Foreldrar eru ánægðir með sameiginlega starfsdaga leikskóla og grunnskóla.
- Samstarf leikskóla og grunnskóla byggir á skriflegu samkomulagi og er í föstum skorðum. Samstarfið er metið árlega.
- Samstarf við tónlistarskóla, Sumarskólinn og tilraunaverkefni með Hreyfilandi.
- Samstarf við aðrar stofnanir og félög, s.s. bókasafnið og Gróttu.

Tækifæri til umbóta

- Samræma upplýsingar frá deildum til foreldra.
- Samræma aðferðir við upplýsingagjöf til foreldra frá deildum.
- Skoða þarf hvernig staðið er að flutningi barna milli deilda.

Innra mat

Leikskólar eiga lögum samkvæmt að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Í slíku mati skal leitað eftir sjónarmiðum starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á og birta upplýsingar um það opinberlega.¹⁰⁶ Mat á starfi skóla hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber. Annars vegar er um að ræða innra mat sem framkvæmt er af leikskólanum sjálfum og hinsvegar er um að ræða ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila.¹⁰⁷

Innra mat í Leikskóla Seltjarnarness hefur verið bæði með formlegum og óformlegum hætti. Lengi vel hefur ECERS-kvarðinn (e Early Childhood Environment Rating Scale) er ætlaður til að meta leikskólastarf fyrir 3-6 ára börn.¹⁰⁸ Viðmælendum bar ekki saman um hvenær hann var notaður síðast en allir voru sammála um að hann var ekki notaður síðasta skólaár. Þegar kvarðinn er notaður fara deildarstjórar yfir niðurstöðurnar með starfsfólki deildarinnar og ræða þær og ígrunda. Í kjölfarið er gerð umbótaáætlun sem unnið er með næsta skólaár. Seltjarnarnesbær sendir reglulega vinnustaðakönnun sem allt starfsfólk leikskólans svarar. Í kjölfarið á niðurstöðum kemur saman umbótahópur sem hefur það hlutverk að koma með tillögur að því sem hægt er að bæta.¹⁰⁹ Óformlegt innra mat á starfinu er í gangi allt árið en deildarfundir og fagfundir eru nýttir til þess. Þar fer fram ígrundun um það sem mætti betur fara og mat á því sem ákveðið hefur verið að prófa. Öskudagurinn var nefndur í því samhengi en leikskólastjóri stakk upp á því að börnin myndu sjálf búa til búningana sína. Það var gert og síðan endurmetið eftir tvö skipti. Í endurmatinu kom fram óánægja með fyrirkomulagið og því var ákveðið að halda ekki áfram með þá vinnu.¹¹⁰ Á hverju ári er leikskólastarf vetrarins metið. Á haustin er gerð starfsáætlun fyrir hverja deild yfir skólaárið sem er svo endurskoðuð á vorin út frá mati starfsmanna.¹¹¹ Foreldrar koma að innra mati með óformlegum hætti. Í foreldraviðtölum gefst þeim tækifæri til að koma með ábendingar. Ábendingum er vel tekið og þeim fylgt eftir. Foreldrakönnun er ekki gerð í leikskólanum.¹¹² Að sögn leikskólastjóra koma foreldrar og börn ekki að innra mati með formlegum hætti.¹¹³

Styrkleikar

- Allir starfsmenn koma að innra mati.
- Stöðugt innra mat fer fram allt skólaárið.

Tækifæri til umbóta

¹⁰⁶ Lög um leikskóla 90/2008

¹⁰⁷ Aðalnámsskrá leikskóla 2011:25

¹⁰⁸ Eccers-kvarðinn

¹⁰⁹ Viðtöl við leikskólastjóra, verkefnisstjóra, deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra og rýnihópur starfsmanna.

¹¹⁰ Viðtöl við deildarstjóra, leikskólastjóra og verkefnastjóra.

¹¹¹ Viðtal við deildarstjóra.

¹¹² Rýnihópur foreldra.

¹¹³ Viðtal við leikskólastjóra.

- Skoða hvort og hvernig ECERS-kvarðinn er nýttur.
- Skoða hvernig börn og foreldrar geta komið að innra mati.
- Gera þarf áætlun um innra mat fyrir leikskólann í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Gera þarf sameiginlega umbótaáætlun út frá mati.

Sérfræðipjónusta og sérkennsla

Fræðsluvið Seltjarnarnesbæjar hefur umsjón með skólum bæjarins. Hlutverk þess er að hafa yfirumsjón með starfsemi leik-, grunn- og tónlistarskóla og daggæslu í heimahúsum.¹¹⁴ Sveitarfélagið sér skólum fyrir þjónustu í samræmi við reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 með breytingum nr. 986/2010¹¹⁵ og hefur gert verktakasamninga við sálfræðing og talmeinafræðing sem veita einstaklingsþjónustu og kennslufræðilega greiningu vegna námsvandamála og samskipta- og hegðunvandamála. Sömu sérfræðingar vinna með sérkennslustjóra að mati og eftirfylgd.¹¹⁶ Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri (þroskaþjálfari) í 52,5% stöðu. Þegar grunur vaknar um að barn víki frá í þroska leita hlutaðeigandi, þ.e. foreldrar eða viðkomandi deildarstjóri, til sérkennslustjóra. Í kjölfarið meta þessir aðilar hvort send skuli beiðni um frekari greiningu til sálfræðings eða talmeinafræðings. Í Leikskóla Seltjarnarness er skriflegur ferill um skipulag sérkennslu eftir að greiningu lýkur. Í skjalinu kemur fram hvernig meta skal hvaða sérúrræði henti hverju barni, t.d. hvort unnið verði með mál barnsins innan deildar eða hvort það fái einstaklingsþjálfun. Einnig kemur fram að leikskólastjóri og sérkennslustjóri skrifa undir umsóknir um aukið stöðugildi til leikskólafulltrúa. Í leikskólanum er ekki til sérkennslustefna en til eru skriflegar starfsreglur fyrir sérkennslu.¹¹⁷ Þessi gögn eru frá árinu 2002 og þarfnast uppfærslu.

Stefna leikskólans í sérkennslumálum er að þjálfun fari sem mest fram í barnahópnum en þegar með þarf eru börn þjálfuð einstaklingslega eða í minni hópum.¹¹⁸ Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra ber sérkennslustjóri ábyrgð á sérkennslu í leikskólanum og heldur utan um allt sem henni viðkemur. Sérkennslustjóri stjórnar skimun með Íslenska þroskalistanum, sem gerð er á öllum elstu börnum leikskólans, og vinnur úr niðurstöðum með sálfræðingum og sér um ráðgjöf fyrir starfsfólk og foreldra. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir sérkennslubörn sem eru endurskoðaðar reglulega út frá þörfum hvers barns í samvinnu við foreldra. Til er til skrifleg starfslýsing fyrir sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri og sérkennsluþjálfarar gera einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir þau börn sem þurfa á sérstuðningi að halda. Foreldrar koma ekki að gerð þeirra en þeir fá þær sendar heim og er boðið að koma með athugasemdir. Haldnir eru teymisfundir á þriggja vikna fresti með foreldrum fatlaðra barna, sérfræðingum, sérkennslustjóra og þjálfara.¹¹⁹ Í samtali við foreldra kom fram að foreldrar eru kallaðir á fund ef grunur um þroskafrávik, fötlun vaknar eða ef eitthvað athugavert kemur upp í prófum sem barnið fer í.¹²⁰ Ekki er til skriflegur ferill um hvernig bregðast skal við þegar upp kemur grunur um þroskafrávik fötlun í leikskólanum.

Börn með annað móðurmál en íslensku

Í leikskólanum eru samtals 29 börn sem eiga annað móðurmál en íslensku. Í samtali við leikskólastjóra kom fram að ekki er verið að vinna sérstaklega með þennan barnahóp og ekki hefur verið gerð móttökuáætlun fyrir þau og ekki er til fjölmenningsstefna í leikskólanum eða sveitarfélaginu.¹²¹ Samkvæmt upplýsingum

¹¹⁴ Heimasíða Seltjarnarnesbæjar.

¹¹⁵ Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010 með breytingum nr. 986/2010.

¹¹⁶ Viðtal við leikskólastjóra.

¹¹⁷ Gögn frá leikskólastjóra.

¹¹⁸ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹¹⁹ Viðtal við sérkennslustjóra.

¹²⁰ Rýnihópur foreldra.

¹²¹ Viðtal við leikskólastjóra.

frá aðstoðarleikskólastjóra eru börn sem eiga annað móðurmál í málörvunarhópum, settir eru upp fánar þeirra landa sem börnin koma frá og einnig er haldin alþjóðleg vika þar sem börn og starfsmenn læra og syngja lög frá heimalöndum barnanna og búa til fána. Í leikskólanum eru starfandi kennarar sem tala önnur tungumál en íslensku sem nýtist í samskiptum við börn og foreldra sem ekki tala íslensku.¹²²

Styrkleikar

- Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingi og talmeinafræðingi.
- Sérkennslustjóri er í 52,5% starfi við leikskólann.
- Í leikskólanum eru til skriflegar starfsreglur fyrir sérkennslu.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf sérkennslustefnu fyrir leikskólann.
- Uppfæra þarf feril sem kallast Sérúrræði í leikskóla.
- Uppfæra þarf starfsreglur fyrir sérkennslu.
- Gera skriflega starfslýsingu fyrir sérkennslu, og hvernig bregðast skal við grun um þroskafrávik.

Samantekt

Í þessari skýrslu eru eftirfarandi þættir metnir í skólastarfi Leikskóla Seltjarnarness: leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og starfsfólk, uppeldi, menntun og umönnun, skólabragur og samskipti, innra mat, mat á velferð og námi barna, foreldrasamstarf og ytri tengsl og sérfræðiþjónusta og sérkennsla. Áhersla úttektarinnar fólst í að leggja mat á hvort starfsemi leikskólans væri í samræmi við ákvæði laga og reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Í lok hvers kafla hefur verið gerð grein fyrir styrkleikum leikskólans og hvar tækifæri eru til úrbóta. Hér á eftir er heildarmat úttektaraðila sett fram á sama hátt.

Helstu styrkleikar Leikskóla Seltjarnarness

- Starfsfólk leikskólans hefur sameinast um ákveðin gildi fyrir sameinaðan leikskóla.
- Tekist hefur að samræma í starfinu áhersluþætti sem teknir voru frá báðum leikskólum við sameiningu.
- Starfsfólk og foreldrar eru meðvitaðir um áhersluþætti leikskólans.
- Samstarf við tónlistarskóla, Sumarskólinn og tilraunaverkefni með Hreyfilandi.
- Húsnæði uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til leikskólahúsnæðis samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.¹²³
- Lögð er áhersla á leikinn sem námsleið barna.
- Sveitarfélagið hefur sett sér skólastefnu.
- Unnið er samkvæmt áhersluþáttunum sem starfsmenn hafa sameinast um, SMT-skólafærni, umhverfismennt og tónlist.
- Einkunnarorð leikskólans eru allstaðar sýnileg.
- Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár.

¹²² Viðtal við stjórnendur og rýnihópar deildarstjóra og starfsmanna.

¹²³ Lög um leikskóla nr. 90/2008.

- Allir starfsmenn taka þátt í gerð nýrrar skólanámskrár.
- Stjórnskipulag er samkvæmt lögum og almennum reglum um stjórnunarhætti.
- Samvinna stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins eru góð og þessir aðilar funda reglulega.
- Stjórnunarteymi hefur skýra verkaskiptingu.
- Starfsmenn og foreldrar hafa góðan aðgang að stjórnendum.
- Allir starfsmenn fara reglulega í starfsmannasamtal.
- Símenntunaráætlun, verkferlar varðandi öryggismál, jafnréttisstefna og forvarnarstefna liggja fyrir.
- Börnunum líður vel í leikskólanum.
- Jákvætt að veita börnunum viðurkenningu í tengslum við SMT-skólafærni.
- Börnin sitja fundi með starfsfólki í tengslum við umhverfismennt.
- Öflugt þróunarstarf sem miðar að því að samræma vinnu innan leikskólans.
- Árlega er gerð vinnustaðagreining.
- Starfsmannahandbók er til fyrir sameinaðan leikskóla.
- Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til að meta nám og velferð barna.
- Allir starfsmenn koma að innra mati.
- Stöðugt innra mat fer fram allt skólaárið.
- Leikskólinn hefur sett sér jafnréttisstefnu og fengið viðurkenningu fyrir starf að jafnrétti í leikskólanum.
- Samkvæmt þjónustukönnun sveitarfélaga eru foreldrar almennt ánægðir með leikskólann.
- Góð samskipti eru milli foreldra og starfsmanna leikskólans.
- Gott upplýsingaflæði er til foreldra frá stjórnendum leikskólans.
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingar sem þeir fá í foreldrasamtölum.
- Foreldrar eru ánægðir með sameiginlega starfsdaga leikskóla og grunnskóla.
- Samstarf leikskóla og grunnskóla byggir á skriflegu samkomulagi og er í föstum skorðum. Samstarfið er metið árlega.
- Samstarf við aðrar stofnanir og félag, s.s. bókasafn og Gróttu.
- Í leikskólanum eru til skriflegar starfsreglur fyrir sérkennslu.
- Jafnréttisstefna, forvarnarstefna og verkferlar varðandi öryggismál liggja fyrir.
- Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingi og talmeinafræðingi.
- Sérkennslustjóri er í 52,5% starfi við leikskólann.
- Öryggishandbók er til fyrir leikskólann.

Tækifæri til umbóta

- Leita þarf leiða til að fjölga leikskólakennurum við leikskólann þar sem leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.
- Skoða þarf hvernig starfsmenn geta sameinast um hugmyndafræði í tengslum við gerð nýrrar námskrár.
- Huga þarf að endurbótum á eldra húsnaði leikskólans.
- Æskilegt að skoða hvort hægt er að nýta betur sameiginleg svæði leikskólans.
- Leita þarf leiða til að bæta hljóðvist í Holti.
- Skoða þarf öryggisatriði á leikskvæði barnanna innanhúss, s.s. lausar hillur.
- Ná þarf sáttum við foreldra um leikefni sem boðið er upp á á útileiksvæði barnanna.
- Gera þarf úrbætur á útileiksvæði yngstu deildar sem staðsett er í kjallara Seltjarnarneskirkju.
- Ljúka við gerð skólanámskrár fyrir 2015.
- Huga þarf að samræmingu á vinnulagi milli deilda.
- Huga þarf að aðkomu barna og foreldra við gerð skólanámskrár.
- Æskilegt er að fjarlægja eldri námskrár af heimasíðu.
- Æskilegt væri að auka upplýsingar í starfsáætlun í samræmi við áherslur í aðalnámskrá.
- Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans, gera formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólans og skriflega verkferla um ákvarðanatöku.
- Huga þarf að gerð fjölmenningsstefnu fyrir leikskólann.
- Æskilegt er að leikskólinn móti stefnu um efnivið leikskólans.
- Leita leiða til að samræma reglur innan leikskólans og auka samstarf milli deilda og húsa.
- Æskilegt er að samræma starfsaðferðir á milli deilda út frá SMT-skólafærni.
- Skoða þarf hvernig efla má starfsandann í leikskólanum.
- Bæta þarf tækjabúnað leikskólans.
- Skoða hvort og hvernig ECERS-kvarðinn er nýttur.
- Skoða hvernig börn og foreldrar geta komið að innra mati.
- Gera þarf áætlun um innra mat fyrir leikskólann og umbótaáætlun í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Samræma aðferðir við upplýsingagjöf til foreldra frá deildum.
- Samræma upplýsingagjöf til foreldra frá deildum.
- Skoða þarf hvernig staðið er að flutningi barna milli deilda.
- Gera þarf skriflegan feril um hvernig bregðast skal við grun um frávik.
- Gera þarf sérkennslustefnu fyrir leikskólann.
- Uppfæra starfsreglur fyrir sérkennslu.
- Uppfæra þarf feril sem kallast Sérúrræði í leikskóla.

Lokaorð

Í Leikskóla Seltjarnarness, sem er stór, sameinaður leikskóli, hefur starfsfólk náð samstöðu um gildi og áherslupætti í starfi með börnunum. Ytra mat með vettvangsathugunum, viðtölum og greiningu gagna í leikskólanum leiðir í ljós að unnið er samkvæmt þessum gildum og áherslupáttum. Starfsmenn leggja áherslu á að skapa börnunum gott námsumhverfi og að börnunum líði vel í leikskólanum. Í þróunarverkefnum sem unnin eru í leikskólanum er leitast við að þróa starfið í átt til meiri sameiningar og samræmingar. Unnið er að gerð nýrrar skólanámskrár og í vinnu við gerð hennar gefst tækifæri til að samræma betur starfsaðferðir og reglur milli deilda og húsa. Leikskólinn er í góðu samstarfi við stofnanir og félag innan bæjarins og ber þar sérstaklega að nefna langt og gefandi samstarf við Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. (2011)

Ársskýrsla Leikskóla Seltjarnarness. <http://leikskoli.seltjarnarnes.is/leikskolinn/arsskyrsla/>

ECERS (Early Childhood Environment Rating Scale) www.unc.edu/~ecers þýddur og staðfærður af Sesselju Hauksdóttur og Gerði Guðmundsdóttur.

Gögn frá fræðslustjóra.

Gögn frá leikskólastjóra.

Gögn frá skólaskrifstofu.

Heimasíða Leikskóla Seltjarnarness. <http://leikskoli.seltjarnarnes.is/>

Heimasíða Námsmatsstofnunar. <http://www.namsmat.is/vefur/>

Heimasíða Seltjarnarnesbæjar. <http://www.seltjarnarnes.is/>

HLJóm-2. Höfundar Ingibjörg Símonardóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir.

Íslenski þroskalistin. <http://www.namsmat.is>

Jafnréttisstefna Leikskóla Seltjarnarness. http://leikskoli.seltjarnarnes.is/media/leikskolar/solbrekka/Plakat_jafnretti_leiksk.pdf

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008.

Námskrá 5 ára barna í Sólbrekku. Námskrá Mánabrekku <http://leikskoli.seltjarnarnes.is/nam/namskra-5-ara-barna/>

Námskrá Mánabrekku. <http://leikskoli.seltjarnarnes.is/media/leikskolar/manabrekka/Microsoft-Word---Namskra-Manabrekku-2009-n%C3%BD.pdf>

Námskrá Sólbrekku. <http://leikskoli.seltjarnarnes.is/media/leikskolar/solbrekka/Namskra-Solbrekku-II-2009.pdf>

Orðaskil-málþroskapróf, Höfundur Elín Þöll Þórðardóttir. Reykjavík. <http://lesvefurinn.hi.is/node/187>

Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólun nr. 584/2010 með breytingum nr. 986/2010.

Rýnihópar barna.

Rýnihópar deildarstjóra.

Rýnihópar foreldra.

Rýnihópar starfsmanna.

Skólafélag Seltjarnarness <http://www.seltjarnarnes.is/media/fraedslusvid/Skolastefna-Seltjarnarness2011.pdf>

Starfsáætlun Leikskóla Seltjarnarness <http://leikskoli.seltjarnarnes.is/media/leikskolar/Starfsaaetlun-2013-2014.pdf>

Stig af stigi. 1. Flokkur 4-6 ára. Handbók. 2002. Þórður Jónsson þýddi. Akureyri, Reynir – ráðgjafastofa.

Upplýsingar frá formanni skólanefndar

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra.

Viðtal við leikskólastjóra.

Viðtal við sérkennslustjóra.

Viðtal við verkefnastjóra.

Þóra Másdóttir og Eyrún Ísafold Gísladóttir. 2009. Lubbi finnur málbein. Mál og menning, Reykjavík.

